

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-40/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings í tengslum við reikning vegna tilboðs í lóðaframkvæmdir ásamt garðhönnun sem gefinn var út af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að sá hluti reiknings seljanda sem varðar garðhönnun verði felldur niður.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 29. maí sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 12. júní. Með tölvubréf, dags. 10. júní, óskað lögmaður seljanda eftir fresti til að skila andsvörum og var frestur veittur til 22. júní. Engin andsvör bárust. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 16. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi leitaði til seljanda eftir tilboði í lóðaframkvæmdir. Gerðu aðilar ekki með sér skriflegan samning. Mun seljandi í kjölfarið hafa komið á umrædda lóð í 45 mínútur og tekið hæðarpunkta með aðstoð álitsbeiðanda. Í framhaldi af þessu setti seljandi fram tvær einfaldar hugmyndir að lóðaútfærslu, að því er álitsbeiðandi taldi í þeim tilgangi að auðvelda sér tilboðsgerð. Álitsbeiðandi mun hafa bent seljanda á að sér hugnaðist hvorug hugmyndin og að þær væru skref aftur á bak miðað við nákvæmar þrívíddarteikningar sem þegar höfðu verið gerðar, af öðrum aðila, af lóðinni. Segir álitsbeiðandi jafnframt að umræddar þrívíddarteikningar hafi verið boðnar seljanda til notkunar. Segist álitsbeiðandi hafa þrúspurt um kostnað við tilboðsgerðina, en verið sagt að „hafa ekki áhyggjur af því“. Segist álitsbeiðandi því hafa talið að ekki hlytist neinn kostnaður af tilboðsgerð seljanda. Nokkru síðar hafði seljandi samband og óskaði eftir því að fá að senda reikning. Segir álitsbeiðandi að þetta hafi komið sér á óvart, en hann hafi engu að síðar samþykkt það. Álitsbeiðanda hafi síðan borist reikningur, dags. 29. nóvember 2014, að fjárhæð kr. 62.750 fyrir „garðhönnun ásamt lóðamælingu“. Segir álitsbeiðandi að hann hafi hvorki fengið afhentar hugmyndir að garðhönnun né hnit fyrir lóðamælingu. Eftir innheimtuaðgerðir seljanda sendi álitsbeiðandi honum tölvupóst, dags. 16. febrúar þar sem seljanda var boðin greiðsla fyrir þá vinnu sem hefði legið í töku hnita og skráningu þeirra. Þeim pósti hafi seljandi ekki svarað. Hafði álitsbeiðandi síðan samband við lögmann seljanda í maí sl. og spurði hann hvort hann hefði séð tilboð frá álitsbeiðanda. Segir álitsbeiðandi að lögmaðurinn hefði svarað spurningunni játandi.

Segir álitsbeiðandi að hann telji eðlilegt að greiða fyrir þá vinnu seljanda sem hafi falist í því að skrá hæðarhnit gegn því að fá þau gögn afhent til notkunar. Hins vegar krefst álitsbeiðandi þess að sá hluti reikningsins sem lúti að garðhönnun verði felldur niður, enda hafi aldrei verið óskað eftir garðhönnun og þær tvær skissur sem seljandi hafi kynnt álitsbeiðanda geti vart talist annað en vinnuskjöl sem nýtast seljanda við að gera tilboð.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi seljanda, ásamt afriti af innheimtubréfum vegna sama reiknings, dags. 16. febrúar 2015 og 5. maí 2015.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið leitaði álitsbeiðandi eftir tilboði frá seljanda í framkvæmdir á lóð sinni, að því er virðist síðla hausts 2014. Tók seljandi, með aðstoð álitsbeiðanda, hæðarpunkta af lóðinni og var um 45 mínútur að því. Seljandi mun síðan í kjölfarið hafa lagt fram skissur að tveimur útfærslum á lóðinni sem álitsbeiðanda huguðust ekki. Aðilar ræddu aldrei um verð og verður að líta á sem svo að álitsbeiðandi hafi aðeins óskað eftir tilboði í lóðaframkvæmdir, enda hefur því ekki verið mótmælt af seljanda. Seljandi sendi síðan álitsbeiðanda reikning, dags. 29. nóvember 2014, að fjárhæð kr. 62.750 fyrir „garðhönnun ásamt lóðamælingu“. Reikningurinn er ósundurliðaður. Álitsbeiðandi mun hafa mótmælt reikningnum með tölvubréfi til seljanda hinn 16. febrúar, en þá boðist til að greiða fyrir lóðamælinguna eingöngu.

Af því sem í álitsbeiðni stendur verður að ráða að ekkert hafi verið rætt um kostnað við vinnu seljanda fyrr en reikningur barst álitsbeiðanda. Í VII. kafla laga nr. 42/2000 um þjónustukaup eru ákvæði um verð þjónustu. Í 28. gr. segir að hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skuli neytandi greiða það verð sem telja megi sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er. Í 33. gr. laganna segir og eftirfarandi:

„Seljandi þjónustu sem að beiðni neytanda hefur tekið að sé undirbúningsvinnu í þeim tilgangi að skilgreina hve vinna væri mikil eða verð þjónustu sem inna skal af hendi er heimilt að krefjast greiðslu fyrir hana.“

Af álitsbeiðni verður ekki annað ráðið en að álitsbeiðandi hafi óskað eftir tilboði í lóðaframkvæmdir og að seljandi hafi unnið undirbúningsvinnu í tengslum við það með því að taka hæðarpunkta á lóðinni. Á því seljandi rétt á greiðslu fyrir þá vinnu enda er í raun ekki ágreiningur um það atriði. Að sama skapi verður að fallast á það með álitsbeiðanda að hann eigi rétt á að fá afrit af þeim gögnum sem urðu til hjá seljanda við mælinguna. Álitsbeiðandi mun hins vegar ekki hafa óskað eftir garðhönnun og ber honum ekki að greiða fyrir hana. Þar sem reikningur seljanda er ekki sundurliðaður og álitsbeiðandi hefur ekki farið fram á slíka sundurliðun, þrátt fyrir að vera það heimilt sky. 34. gr. laganna. Verður nefndin því að meta sjálfstætt og að álitum hver sé hæfileg greiðsla álitsbeiðanda til seljanda vegna undirbúningsvinnu, þ.e. vegna mælinga. Er sú greiðsla metin hæfileg kr. 20.000.

V

Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, greiði seljanda, Y, kr. 20.000, gegn því að seljandi afhendi álitsbeiðanda afrit af þeim gögnum sem urðu til við mælingu seljanda á lóð álitsbeiðanda.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir